

Utánríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytingar á lögum um Íslandsstofu nr. 38/2010

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, fagna efni draga að frumvarpi um breytingar á lögum um Íslandsstofu og styðja eindregið að frumvarpið nái fram að ganga.

Frumvarpsdrögin byggja á niðurstöðum starfshóps um fyrirkomulag markaðssetningar á Íslandi og íslenskum vörum og þjónustu erlendis frá 2015 en þar var lögð rík áhersla á að útflutningsþjónusta og markaðsstarf fyrir Ísland byggist á langtímastefnumótun sem mörkuð er í breiðri samvinnu. Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í starfshópnum en þar náðist ágæt samstaða um langtímasýn og stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki. Samstarf atvinnulífs og stjórnvalda um að auka útflutningstekjur þjóðarbúsins á sér langa sögu og hefur það samstarf verið mikilvægur þáttur í að auka verðmætasköpun íslensks þjóðfélags. Íslandsstofa er kjölfestuaðili í því samstarfi og nauðsynlegt að útrýma þeirri óvissu sem ríkt hefur um stjórnsýslulega stöðu Íslandsstofu eins og bæði Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis hafa bent á. Í frumvarpinu er staðfest að starfsemi Íslandsstofu byggir á samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs (e. public-private partnership) þar sem styrkleiki beggja aðila nýtist sem best og jafnræði þeirra jafnframt tryggt.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Samtaka iðnaðarins



F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



F.h. Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja



F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

